

Ed.

399. Nefndarálit

[137. mál]

um frv. til l. um verðjöfnunargjald af raforku.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Undirritaður minni hl. iðnaðarnefndar efri deildar Alþingis er andvígur frumvarpinu og leggur til að það verði fellt. Til þess liggja eftirgreind rök:

1. Það er að mati minni hlutans í grundvallaratriðum röng stefna að fyrirtæki, sem fjárfest hefur með hagkvæmum hætti og vel er rekið, eigi að greiða kostnað annarra sams konar fyrirtækja, þar sem ekki hefur eins vel tekist til. Rafmagnsveita, sem fjárfest hefur skynsamlega og vel er rekin, á vitanlega að láta eigin viðskiptamenn njóta þess.

Kostnaður annarra rafmagnsveitna, sem meiri er af einhverjum ástæðum, hlýtur að verða borinn uppi með öðru móti, fyrst og fremst með raforkuverði viðskiptavina veitunnar á hverju svæði. Ef um er að ræða mjög erfiðar, félagslegar, landfræðilegar og óhjákvæmilegar ástæður til kostnaðaraukningar, er eðlilegra að leita annarra leiða til að hlaupa undir bagga með veitunum en þeirrar, sem lögð er til í þessu frumvarpi.

2. Raforkuverðshækkun, sem yrði vegna samþykktar frv., mundi hækka vísitölu og þar með allt verðlag í landinu.
3. Fyrirkomulag samkv. frv. er hugsað svo, að það gæti eins komið þyngst niður á þeim notendum rafmagns, sem við hæst verð búa.
4. Rafmagnsveita Reykjavíkur á við fjárhagsvanda að etja vegna þess að ríkisstjórn hefur neitað henni um verðhækkunarheimild. Þess vegna varð Rafmagnsveita Reykjavíkur að taka dýr erlend lán og stendur undir miklum fjármagnskostnaði þess vegna. Hugsanleg hækkun á raforkuverði í Reykjavík væri því betur komin hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur en annars staðar.

Alþingi, 28. febr. 1979.

Ragnhildur Helgadóttir.